



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 3

Mai 1984

### V O R F U N D U R

Félagsfundur verður haldinn að Hótel Hofi,  
Rauðararstíg miðvikudaginn 16. maí 1984, kl. 20:30

#### Dagskrá:

1. Jarðskjálftar í Grímsvötnum. Páll Einarsson segir frá.
2. Kaffidrykkja.
3. Fimm mínútna löng heimildarkvikmynd um ofsaflóð í Ölfusá 2. mars 1930.
4. Meira af Hofsjökli. Helgi Björnsson sýnir helstu niðurstöður mælinga síðastliðins árs.

ATH. Að þessu sinni er fundurinn á miðvikudegi en ekki á fimmtudegi eins og verið hefur undanfarið

## Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn 23. febrúar 1984. Stjórn félagsins er óbreytt og formenn nefnda eru þeir sömu, nema Soffía Vernharðsdóttir hættir nú sem formaður skemmti-nefndar og tekur við Gylfi Þ Gunnarsson. Skýrsla formanns verður birt í Jökli.

## Félagsgjöld

Á stjórnarfundum 6. mars 1984 voru félagsgjöld fyrir 1984 ákveðin kr. 500. Gíróseðlar hafa verið sendir út og eru menn hvattir til að gera skil sem fyrst. Eins og fram kemur á gíróseðlinum verður Jökull aðeins sendur til þeirra sem hafa greitt. Eftir fyrstu dreifingu ritsins verður innheimtan hjá Bókaverslun Snæbjarnar og hækkar þá gjaldið óhjákvæmlega vegna umboðslauna þeirra.

## Á Vatnajökli austanverðum 1983

Dagana 18. - 23. júlí gengum við 10 saman, flest meðlimir Jökklarannsóknafélagsins, frá skála Ferðafélags Íslands vestan undir Snæfelli, um Geldingafell og Goðheima á Goðahnjúkum. Þaðan lá leiðin að Goðaborg niður Vesturdal og Fossdal og niður endilangan Hoffellsdal að Hoffelli í Hornafirði. Við gistun 3 nætur í Goðheimum og bárum fúavarnar-efni á alla lista utanhúss, en þeir voru lítilsháttar máðir. Einnig lagfærðum við snerla á útihurð og fleira smálegt, og er nú allt í besta lagi í skálanum.

Þeir 18 hópar semgist hafa skálann síðan hann var settur niður í mailok 1979 virðast flestir hafa komið sömu leið og við og dvalið 2 - 3 nætur í skálanum og haldið síðan svipaða leið og við suður til Hornafjarðar. Þessi gönguleið er frábærlega skemmtileg, en tilfinnanlega vantar hús sunnan og neðan við Goðaborg, en þá þyrftu hópar ekki að bera með sér tjöld. / Pétur Þorleifsson.




## Skjálftavirkni í Grímsvötnum

Eldgosinu í Grímsvötnum í fyrra fylgdu breytingar á skjálftavirkni, sem komu fram á nálægum skjálftamælum og túlka má sem afleiðingar af hreyfingu kviku í rótum eldstöðvarinnar. Skjálftavirkni óx verulega 3 - 5 mánuðum áður en gosið braust út og áköf skjálftahrina varð 28. maí, líklega þegar kvika var á leið til yfirborðs. Fjallað er um þessar niðurstöður í grein eftir Pál Einarsson og Bryndísi Brandsdóttir sem birtast mun í næsta hefti Jökuls. Á fundi Jöklarannsóknafélagsins 16. maí mun Páll flytja erindi um jarðskjálfta í Grímsvötnum og breytingar sem orðið hafa á þeim á síðasta ári. / PE

## Hofsjökull

Að loknum aðalfundi 23. febrúar sýndi Helgi Björnsson myndir úr leiðangrinum á Hofsjökul og sagði frá fyrstu niðurstöðum mælinga (sjá síðasta fréttabréf). Á fundinum 16. maí mun Helgi skýra frá helstu niðurstöðum og gildi þeirra fyrir vatnsaflsvirkjanir. Til gamans fylgir hér með einfaldað þversnið af jöklinum frá vestri til austurs.



## Frá Faratækjanefnd

Jörfi á nú einn snjóbil, "Bombardier", 12 ára gamlan, í ágætu standi og er hann geymdur í Jökulheimum. Félaginu er nauðsyn að eignast annan, en þar sem slík farartæki eru dýr, en sjóður Jörfi mjög léttur, er ekki um að ræða að hægt sé að kaupa nýjan snjóbil. Því hefur faratækjanefnd félagsins verið að svipast um eftir notuðum bíl og þá helst horft til þess að einn slíkur kynni að koma í sölu frá hernum á Keflavíkurflugvelli. Undanfarin tvö vor hefur Jörfi fengið snjóbil að láni frá hernum í vorleiðangurinn til Grímsvatna og má vera að svo verði enn nú í vor. Landsvirkjun hefur einnig oft tekið þátt í vorferðunum og þá lagt til einn snjóbil. /BI

## Vorferð JÖRFI á Vatnajökul

Í væntanlegri vorferð JÖRFI er fyrirhugað að vinna að eftirtöldum verkefnum:

1. Vorverk í Grímsvötnum; mæling á vatnshæð, ákomu og viðhald á mælitækjum og sendistöð.
2. Jarðskjálftamælingar við Grímsvötn; reknir verða mælar meðan á leiðangri stendur.
3. Könnun á fjarskiptakerfi Landsvirkjunar víða um jökulinn og samhliða því ákomu og íssjármælingar./ HB